

## **Hvaleyrarlón.**

Hvaleyrarlón og Hvaleyrarhöfði voru friðlýst sem fólkvangur árið 2009. Markmið með friðlýsingu Hvaleyrarlóns og fjara Hvaleyrarhöfða er að tryggja útivistar- og fræðslusvæði til útiveru og fuglaskoðunar ásamt því að vernda lífríki og leirur svæðisins sem eru m.a. mikilvægt búsvæði fugla.

Dýralíf í leiru er allauðugt og er fuglalíf sérlega auðugt á svæðinu. Aðgengi fyrir íbúa er gott og einnig eru grunnskóli og leikskóli í nágrenninu og svæðið því tilvalið til útikennslu. Svæðið hefur lengi verið vinsælt til útivistar og er ákjósanlegt til fuglaskoðunar allt árið, en oft má sjá á svæðinu sjaldséða gesti eins og t.d. gráhegra.

Í auglýsingu um stofnun fólkvangs Hvaleyrarlóns og Hvaleyrarhöfða kemur m.a. fram.

Almenningi er heimil för um fólkvanginn, enda sé gætt góðrar umgengni. Í samræmi við samþykkt um hundahald lausaganga hunda óheimil.

Umferð vélknúinna farartækja, þ.m.t. sjóbotur (jet-ski), er óheimil í friðlandinu. Þó er eigendum bátaskýla við Hvaleyrarlón heimilt að sigla að skýlunum, en þeim ber að tryggja að ekki hljóttist af mengun vegna spilliefna.

Allar framkvæmdir innan fólkvangsins eru háðar leyfi Hafnarfjarðarkaupstaðar og Umhverfisstofnunar. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt skipulag og verndaráætlun. Gert er ráð fyrir viðhaldi sjóvarnargarða og göngustígs við mörk fólkvangsins.

Í gildandi deiliskipulagi fyrir svæðið kemur m.a. fram að búseta í bátaskýlunum sé bönnuð og skulu þau nýtast í tengslum við uppsátur og geymslu báta og starfsemi tengda því. Útlit og notkun skal því vera í samræmi við upprunalega starfsemi. Ekki má koma fyrir rotþró heldur skal tengja allt frárennsli við frálennslislagnir bæjarins.

## Hvaleyrarlón

Í Hauksbók Landnámu þar sem segir frá heimferð Hrafna-Flóka og samferðamanna hans frá Íslandi kemur stuttur texti um Hafnarfjörð og Hvaleyrarlónið. Eftir að þeir höfðu dvalið hér á landi í eitt ár lögðu þeir af stað heim til Noregs en þegar komið var út fyrir Reykjanes lentu þeir í óveðri. „Þeim beit eigi fyrir Reykjanes, og sleit frá þeim bátinn og á Herjólf, - hann kom í Herjólfshöfn. Flóki kom í Hafnarfjörð, - þeir fundu hval á eyri einni út frá firðinum og kölluðu Hvaleyri – þar fundust þeir Herjólfur.“ Talið er að Herjólfshöfn sé Hvaleyrarlónið en þar var höfnin sem Hafnarfjörður dregur nafn sitt af. Þá var lónið mun stærra og myndaði öruggt skjól fyrir skip sem þar lágu.

Uppúr 1400 var Hafnarfjörður orðin ein helsta höfn landsins enda frá náttúrunnar hendi mjög góð. Þá gekk mikill grandi eins og hafnargarður norðaustur úr Hvaleyrinni, Hvaleyrargrandi sem endaði í Háagranda eða Grandhöfða nokkuð frá landi. Á þeim granda reis fyrsti verslunarstaðurinn í firðinum, Fornubúðir, og réðu þar ríkjum m.a. Hansakaupmenn sem létu reisa þar fyrstu lútersku kirkjuna hér á landi. Plágan síðari, mjög mannskæð farsótt sem gekk á Íslandi á árunum 1494-95, barst til landsins með ensku kaupskipi sem lá á Hvaleyrarlóni. Í heimildum er því lýst að plágan hefi komið úr bláu klæði „og þegar hún kom upp fyrst úr klæðinu, hafi hún verið sem fugl að sjá, og úr því sem reykur upp í loftið.“ Almennt er talið að þetta hafi verið lungnapest, sú sama og Svartidauði, sem gengið hafði um landið í upphafi aldarinnar.

Árið 1677 var kaupstaðurinn fluttur af grandanum yfir á jörðina Akurgerði, einkum vegna þess að sökum sjávargangs var farið að bera töluvert á landbroti þar. Í lýsingu frá lokum 18. Aldar kemur fram að Hafnarfjörður hafi verið aðal höfn landsins og „sú langbezta á öllu landinu, með því að þar gæti skip legið allt árið um kring og meira að segja mörg að vetrarlagi án verulegs tilkostnaðar“